

57

13. maí

## AUGLÝSING

## um staðfestingu endurskoðaðrar stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 28. janúar 1948, var forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hinn 17. apríl s. l. afhent staðfestingarskjal undirritað af forseta Íslands 1. marz s. l., varðandi endurskoðaða stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 9. október 1946. Stofnskráin gekk í gildi 20. apríl 1948, og birtist hún hér með ásamt íslenskri þýðingu.

## Gerð um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórnarnefnd alþjóðavinnumálastofnunarinnar stefndi saman til 29. fundar í Montreal hinn 19. sept. 1946, hefur ákveðið að gera tilteknar breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Var það atriði 2. mál á dagskrá þingsins, og samþykkti allsherjarþingið því hinn 9. okt. 1946 eftirfarandi breytta stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er nefnist „gerð um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1946“.

## 1. gr.

Frá og með þeim degi, er þessi breyting öðlast gildi, skal meginmál stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar vera það, sem birt er á fylgiskjali því, er gerð þessari fylgir.

## 2. gr.

Forseti allsherjarþingsins og aðalforstjóri alþjóðavinnumálastofnunarinnar skulu staðfesta tvö samrit af gerð þessari með undirskrift sinni, og skal öðru

## Instrument for the Amendment of the Constitution of the International Labour Organisation.

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Montreal by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Twenty-ninth Session on 19 September 1946; and

Having decided upon the adoption of certain amendments to the Constitution of the International Labour Organisation, a question which is included in the second item on the agenda of the Session, adopts, this ninth day of October of the year one thousand nine hundred and forty-six, the following instrument for the amendment of the Constitution of the International Labour Organisation, which may be cited as the Constitution of the International Labour Organisation Instrument of Amendment, 1946:

## Article 1

As from the date of the coming into force of this Instrument of Amendment, the Constitution of the International Labour Organisation, of which the text at present in force is set forth in the first column of the Annex to this Instrument, shall have effect as amended in the second column of the said Annex.

## Article 2

Two copies of this Instrument of Amendment shall be authenticated by the signatures of the President of the Conference and of the Director-General of

samritinu komið til varðveislu í skjala-safni alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar, en hitt skal sent aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. gr. stofnskrár Hinna sameinuðu þjóða. Aðalforstjórinn skal senda öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar staðfest eftirrit gerðarinnar.

### 3. gr.

1. Gerð þessi um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar skal, er hún hefur verið formlega fullgilt eða samþykkt, send aðalforstjóra alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar, og skal hann tilkynna aðildarríkjum stofnunarinnar, að hann hafi veitt henni viðtöku.

2. Þessi gerð skal öðlast gildi í samræmi við ákvæði 36. gr. stofnskrár Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar.

3. Þegar þessi gerð hefur öðlast gildi, skal aðalforstjóri alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar tilkynna það öllum aðildarríkjum stofnunarinnar, aðalritara Hinna sameinuðu þjóða og ríkisstjórnnum allra ríkja, sem undirritað hafa stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.

### Stofnskrá Alþjóðavinnu-mála-stofnunarinnar.

#### Forspjall.

Almennur og varanlegur friður verður einungis reistur á félagslegu réttlæti. Ríkjandi vinnuhættir hafa í för með sér slíkt óréttlæti, harðræði og skort, er bitnar á miklum fjölda manna, að af því leiðir ókyrrð, sem ógnar heimsfriði og eðlilegri þróun. Er því brýn þörf umbóta, t. d. með því að koma á fastri skipan um vinnutíma, þ. á m. um lengd vinnudags og vinnuviku, skipuleggja vinnuframboð, vinna gegn atvinnuleysi, tryggja hæfileg laun til sámilegrar lífsafkomu, vernda verkalýð gegn sjúkdómum og slysum, er

the International Labour Office. One of these copies shall be deposited in the archives of the International Labour Office and the other shall be communicated to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations. The Director-General will communicate a certified copy of the Instrument to all the Members of the International Labour Organisation.

### Article 3

1. The formal ratifications or acceptances of this Instrument of Amendment shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office, who shall notify the Members of the Organisation of the receipt thereof.

2. This Instrument of Amendment will come into force in accordance with the provisions of Article 36 of the Constitution of the Organisation.

3. On the coming into force of this Instrument, the Director-General of the International Labour Office shall so notify all the Members of the International Labour Organisation, the Secretary-General of the United Nations, and all the States having signed the Charter of the United Nations.

### The Constitution of the International Labour Organisation.

#### Amended Text.

#### PREAMBLE

Whereas universal and lasting peace can be established only if it is based upon social justice;

And whereas conditions of labour exist involving such injustice, hardship and privation to large numbers of people as to produce unrest so great that the peace and harmony of the world are imperilled; and an improvement of those conditions is urgently required: as, for example, by the regulation of the hours of work, including the establishment of a maximum working day and week, the regulation of the labour

57 af störfum hans leiðir, vernda börn, ungmenni og konur, koma á ellitryggingum og örorku, gæta hagsmuna verkamanna, sem ráðnir eru til starfa utan heimalands síns, afla viðurkenningar á þeim meginreglum, að sömu laun komi fyrir sama starfa, svo og að menn séu frjálsir að því að stofna félög, þar með talin verkalyðs- og iðnfélög, og að mynda samtök, er miði að fræðslu um tæknileg og iðnfræðileg efni og því um líkt. Vanræksla þjóðar á því að koma á hjá sér mannúðlegum vinnuháttum er því þrándur í götu annarra þjóða, sem kappkosta að gera hjá sér umbætur í þessu efni.

Hinir háu samningsaðilar hafa því í nafni réttlætis og mannúðar og í því skyni að koma á þeim umbótum, er að framan greinir, til þess að tryggja varanlegan frið, samþykkt stofnskrá þessa.

## FYRSTI KAFLI

### Skipulag.

#### 1. gr.

1. Komid er upp fastrí stofnun, sem hefur það markmið, er lýst var í framangreindum formála og í yfirlýsingu þeirri, sem samþykkt var í Philadelfíu 10. maí 1944, um mark og mið Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, en texti þeirrar yfirlýsingar fylgir þessari stofnskrá.

2. Aðilar að Alþjóðavinnu-málastofnuninni skulu vera ríki þau, sem aðilar voru 1. nóv. 1945, og þau ríki önnur, sem verða kunna aðilar í samræmi við ákvæði 3. og 4. tölul. þessarar greinar.

3. Sérhver upphaflegur aðili Sameinuðu þjóðanna svo og hvert það ríki, sem tekid hefur verið í félagatölu þeirra samkvæmt ákvörðun allsherjarþingsins í sam-

supply, the prevention of unemployment, the provision of an adequate living wage, the protection of the worker against sickness, disease and injury arising out of his employment, the protection of children, young persons and women, provision for old age and injury, protection of the interests of workers when employed in countries other than their own, recognition of the principle of equal remuneration for work of equal value, recognition of the principle of freedom of association, the organisation of vocational and technical education and other measures;

Whereas also the failure of any nation to adopt humane conditions of labour is an obstacle in the way of other nations which desire to improve the conditions in their own countries;

The High Contracting Parties, moved by sentiments of justice and humanity as well as by the desire to secure the permanent peace of the world, and with a view to attaining the objectives set forth in this Preamble, agree to the following Constitution of the International Labour Organisation:

#### Article 1

1. A permanent organisation is hereby established for the promotion of the objects set forth in the Preamble to this Constitution and in the Declaration concerning the aims and purposes of the international Labour Organisation adopted at Philadelphia on 10 May 1944 the text of which is annexed to this Constitution.

2. The Members of the International Labour Organisation shall be the States which were Members of the Organisation on 1 November 1945, and such other States as may become Members in pursuance of the provisions of paragraphs 3 and 4 of this Article.

3. Any original Member of the United Nations and any State admitted to membership of the United Nations by a decision of the General Assembly in accord-

ræmi við ákvæði stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, getur orðið aðili að Alþjóðavinnuálagstofnuninni með því að tilkynna aðalforstjóra alþjóðavinnuálagstofnunarinnar á formlegan hátt, að hann játist undir skuldbindingar þær, er greinir í stofnskrá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

4. Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar má einnig taka ríki í félagatölu, þegar  $\frac{2}{3}$  hlutar þeirra fulltrúa, er á þingi sitja, greiða því atkvæði, enda séu þá  $\frac{2}{3}$  af fulltrúum ríkisstjórna viðstaddir og greiði atkvæði. Skal slík aðild ríkis öðlast gildi, þegar ríkisstjórn þess hefur tilkynnt aðalforstjóra alþjóðavinnuálagstofnunarinnar á formlegan hátt, að hann játist undir skuldbindingar þær, er greinir í stofnskránni.

5. Enginn aðili Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar getur gengið úr stofnuninni, nema hann hafi tilkynnt aðalforstjóra alþjóðavinnuálagstofnunarinnar þá fyrirætlun sína. Skal slík tilkynning öðlast gildi tveimur árum eftir, að aðalforstjórnin hefur tekið við henni, enda hafi viðkomandi ríki á þeim tíma fullnægt öllum fjárhagsskuldbindingum þeim, er af aðild þess leiðir. Ef aðili hefur fullgilt einhverja alþjóðavinnuálagssamþykkt, skal úrsögn hans eigi hafa áhrif á áframhaldandi gildi allra skuldbindinga, sem af samþykktinni leiðir eða í sambandi við hana standa, það tímabil, sem ákveðið er í samþykktinni.

6. Ríki, sem látið hefur af þátttöku í stofnuninni, má aftur taka í félagatölu samkvæmt ákvæðum 3. og 4. tölul. þessarar greinar, eftir því sem við á.

## 2. gr.

Skipun fastastofnunarinnar er þessi:

a. Allsherjarþing fulltrúa frá þeim ríkjum, sem aðild eiga.

b. Stjórnarnefnd, skipuð eins og segir í

7. gr. — og

ance with the provisions of the Charter may become a Member of the International Labour Organisation by communicating to the Director-General of the International Labour Office its formal acceptance of the obligations of the Constitution of the International Labour Organisation.

4. The General Conference of the International Labour Organisation may also admit Members to the Organisation by a vote concurred in by two thirds of the delegates attending the session, including two thirds of the Government delegates present and voting. Such admission shall take effect on the communication to the Director-General of the International Labour Office by the Government of the new Member of its formal acceptance of the obligations of the Constitution of the Organisation.

5. No Member of the International Labour Organisation may withdraw from the Organisation without giving notice of its intention so to do to the Director-General of the International Labour Office. Such notice shall take effect two years after the date of its reception by the Director-General, subject to the Member having at that time fulfilled all financial obligations arising out of its membership. When a Member has ratified any International Labour Convention, such withdrawal shall not affect the continued validity for the period provided for in the Convention of all obligations arising thereunder or relating thereto.

6. In the event of any State having ceased to be a Member of the Organisation, its readmission to membership shall be governed by the provisions of paragraph 3 or paragraph 4 of this Article as the case may be.

## Article 2

The permanent organisation shall consist of:

(a) a General Conference of representatives of the Members;

(b) a Governing Body composed as described in Article 7; and



57 c. Alþjóðavinnu­málaskrifstofan, sem  
13. maí starfar undir umsjá stjórnarnefndarinnar.

(c) an International Labour Office controlled by the governing Body.

### 3. gr.

1. Allsherjarþing fulltrúa aðildarríkja skal koma saman til fundar, þegar þörf krefur, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Skulu þar eiga sæti fjórir fulltrúar frá hverju ríki. Tveir þeirra skulu vera fulltrúar ríkisstjórnar þeirrar, er í hlut á, og annar hinna tveggja fulltrúi atvinnurekenda, en hinn fulltrúi verkamanna viðkomandi ríkis.

2. Hver fulltrúi getur haft kunnáttumenn sér til ráðuneytis, en þeir skulu þó eigi vera fleiri en tveir um hvert mál á dagskrá þingsins. Ef þingið tekur til meðferðar málefni, er sérstaklega varðar konur, skal a. m. k. einn ráðunautanna vera kona.

3. Hvert aðildarríki, sem fer með utanríkismál landsvæðis, sem ekki er algerlega fullvalda, má til viðbótar skipa fulltrúum sínum sem ráðunauta:

- a) menn, sem það nefnir til fyrirsvars fyrir eilíthvert slíkt landsvæði varðandi mál, sem sjálfstjórnarréttur landsvæðisins tekur yfir, — og
- b) menn, sem það skipar til ráðuneytis fulltrúum sínum varðandi málefni, er snerta landsvæði, sem ekki hafa sjálfstjórn.

4. Þegar landsvæði er undir sameiginlegum forráðum tveggja aðildarríkja eða fleiri, má nefna menn til ráðuneytis fulltrúum slíkra ríkja.

5. Aðildarríki skuldbinda sig til að nefna fulltrúa og ráðunauta þeirra, aðra en fulltrúa ríkisstjórnar, í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna í viðkomandi löndum, ef slík samtök eru til þar.

6. Ráðunautar skulu eigi taka til máls, nema að beiðni fulltrúa þess, sem þeir fylgja, og með sérstöku leyfi forseta þingsins. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt.

### Article 3

1. The meetings of the General Conference of representatives of the Members shall be held from time to time as occasion may require, and at least once in every year. It shall be composed of four representatives of each of the Members, of whom two shall be Government delegates and the two others shall be delegates representing respectively the employers and the workpeople of each of the Members.

2. Each delegate may be accompanied by advisers, who shall not exceed two in number for each item on the agenda of the meeting. When questions specially affecting women are to be considered by the Conference, one at least of the advisers should be a woman.

3. Each Member which is responsible for the international relations of non-metropolitan territories may appoint as additional advisers to each of its delegates:

- (a) persons nominated by it as representatives of any such territory in regard to matters within the self-governing powers of that territory; and
- (b) persons nominated by it to advise its delegates in regard to matters concerning non-self-governing territories.

4. In the case of a territory under the joint authority of two or more Members, persons may be nominated to advise the delegates of such Members.

5. The Members undertake to nominate non-Government delegates and advisers chosen in agreement with the industrial organisations, if such organisations exist, which are most representative of employers or workpeople, as the case may be, in their respective countries.

6. Advisers shall not speak except on a request made by the delegate whom they accompany and by the special authorisation of the President of the Conference, and may not vote.

7. Fulltrúi getur með skriflegri tilkynningu til forseta nefnt einhvern ráðunauta sinna sem varamann sinn, og má ráðunauturinn, þegar svo stendur á, taka til máls og greiða atkvæði.

8. Ríkisstjórn hvers aðildarríkis skal tilkynna alþjóðavinnu-málaskrifstofunni nöfn fulltrúa og ráðunauta þeirra.

9. Þingið skal rannsaka skilríki fulltrúa og ráðunauta þeirra, og getur það með  $\frac{2}{3}$  atkvæða viðstaddra fulltrúa varnað þeim fulltrúum og ráðunautum þingsetu, sem það telur, að ekki hafi verið nefndir í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

#### 4. gr.

1. Sérhver fulltrúi á rétt á því að greiða sjálfstætt atkvæði um öll mál, sem tekin eru til meðferðar á þinginu.

2. Ef aðildarríki lætur undir höfuð leggjast að nefna annan þeirra fulltrúa, sem ekki er fyrirvarsmaður ríkisstjórnar, skal hinn fulltrúinn, er eigi fer með fyrirvar ríkisstjórnarinnar, eiga sæti á þinginu og hafa þar málfrelsi, en ekki atkvæðisrétt.

3. Ef þingið synjar fulltrúa einhvers aðildarríkis þingsetu í samræmi við ákvæði 3. greinar, skal ákvæðum þessarar greinar beitt á sama hátt og hefði sá fulltrúi ekki verið nefndur.

#### 5. gr.

Allsherjarþing skal halda á þeim stað, er stjórnarnefndin ákveður, nema þingið hafi sjálft á fyrri fundi ákveðið næsta fundarstað.

#### 6. gr.

Allsherjarþingið eitt getur ákveðið breytingu á aðsetursstað alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar, enda sé það samþykkt af  $\frac{2}{3}$  þeirra fulltrúa, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða.

7. A delegate may by notice in writing addressed to the President appoint one of his advisers to act as his deputy, and the adviser, while so acting, shall be allowed to speak and vote.

8. The names of the delegates and their advisers will be communicated to the International Labour Office by the Government of each of the Members.

9. The credentials of delegates and their advisers shall be subject to scrutiny by the Conference, which may, by two thirds of the votes cast by the delegates present, refuse to admit any delegate or adviser whom it deems not to have been nominated in accordance with this Article.

#### Article 4

1. Every delegate shall be entitled to vote individually on all matters which are taken into consideration by the Conference.

2. If one of the Members fails to nominate one of the non-Government delegates whom it is entitled to nominate, the other non-Government delegate shall be allowed to sit and speak at the Conference, but not to vote.

3. If in accordance with Article 3 the Conference refuses admission to a delegate of one of the Members, the provisions of the present Article shall apply as if that delegate had not been nominated.

#### Article 5

The meetings of the Conference shall, subject to any decisions which may have been taken by the Conference itself at a previous meeting, be held at such place as may be decided by the Governing Body.

#### Article 6

Any change in the seat of the International Labour Office shall be decided by the Conference by a two-thirds majority of the votes cast by the delegates present.

57

13. maí

## 7. gr.

1. Stjórnarnefndina skipa 32 menn:  
 16 fulltrúar ríkisstjórna,  
 8 fulltrúar atvinnurekenda og  
 8 fulltrúar verkamanna.

2. Átta hinna sextán fyrirvarsmanna ríkisstjórna, sem nefndina skipa, skulu nefndir af aðaliðnaðarríkjunum, sem aðild eiga, en hinir átta skulu nefndir af þeim aðildarríkjunum, sem til þess eru valin af ríkisstjórnarfulltrúum á þinginu, öðrum en fulltrúum hinna fyrrnefndu átta ríkja. Sex af hinum sextán aðildarríkjunum, sem fyrirvarsmenn eiga, skulu vera úr hópi aðildarríkja utan Evrópu.

3. Stjórnarnefndin skal, þegar þörf krefur, taka ákvörðun um, hver aðildarríkja stofnunarinnar eru aðaliðnaðarríki, og setja reglur, er tryggja það, að öll atriði varðandi val aðaliðnaðarríkja skuli rannsökuð af óvilhallri nefnd, áður en stjórnarnefnd kveður upp úrskurð sinn. Nú skýtur aðildarríki til allsherjarþings úrskurði stjórnarnefndar um, hver aðildarríki séu aðaliðnaðarríki, og kveður þá allsherjarþingið upp fullnaðarúrskurð um málið, en málsskot til þingsins frestar ekki framkvæmd á úrskurði stjórnarnefndarinnar fram til þess tíma, er úrskurður þingsins fellur.

4. Fyrirvarsmenn atvinnurekenda í stjórnarnefndinni skulu nefndir af fulltrúum atvinnurekenda á allsherjarþinginu og fyrirvarsmenn verkamanna af fulltrúum verkamanna á þinginu. Tveir fyrirvarsmenn atvinnurekenda og tveir fyrirvarsmenn verkamanna skulu vera frá ríkjum utan Evrópu.

5. Starfstímabil stjórnarnefndar er 3 ár. Ef kjör stjórnarnefndar fer ekki einhverra orsaka vegna fram við lok starfstímabils, gegnir stjórnarnefnd áfram störfum, þar til nýtt kjör hefur farið fram.

6. Stjórnarnefnd getur að áskildu samþykki allsherjarþingsins skipað menn í stöður, sem lausar eru, svo og skipað

## Article 7

1. The Governing Body shall consist of thirty-two persons:

Sixteen representing Governments,  
 Eight representing the employers, and  
 Eight representing the workers.

2. Of the sixteen persons representing Governments, eight shall be appointed by the Members of chief industrial importance, and eight shall be appointed by the Members selected for that purpose by the Government delegates to the Conference, excluding the delegates of the eight Members mentioned above. Of the sixteen Members represented, six shall be non-European States.

3. The Governing Body shall as occasion requires determine which are the Members of the Organisation of chief industrial importance and shall make rules to ensure that all questions relating to the selection of the Members of chief industrial importance are considered by an impartial committee before being decided by the Governing Body. Any appeal made by a Member from the declaration of the Governing Body as to which are the Members of chief industrial importance shall be decided by the Conference, but an appeal to the Conference shall not suspend the application of the declaration until such time as the Conference decides the appeal.

4. The persons representing the employers and the persons representing the workers shall be elected respectively by the employers' delegates and the workers' delegates to the Conference. Two employers' representatives and two workers' representatives shall belong to non-European States.

5. The period of office of the Governing Body shall be three years. If for any reason the Governing Body elections do not take place on the expiry of this period, the Governing Body shall remain in office until such elections are held.

6. The method of filling vacancies and of appointing substitutes and other similar questions may be decided by the Govern-

varamenn og ráðið fram úr öðrum áþekktum málum.

7. Stjórnarnefnd velur úr sínum hópi formann og tvo varaformenn, og skal einn þeirra valinn úr hópi fyrirsvarsmanna ríkisstjórna, annar úr hópi fyrirsvarsmanna atvinnurekenda og þriðji úr hópi fulltrúa verkamanna.

8. Stjórnarnefnd setur sér starfsreglur og ákveður, hvenær hún skuli koma saman til funda. Aukafundi skal halda, ef skrifleg beiðni kemur fram um það frá eigi færri en 12 stjórnarnefndarmönnum.

#### 8. gr.

1. Aðalforstjóri skal veita alþjóðavinnuáskrifstofunni forstöðu. Hann er skípaður af stjórnarnefndinni og skal í samræmi við starfsreglur, er stjórnarnefndin setur honum, bera ábyrgð á því, að rekstur skrifstofunnar sé í fullkomnu lagi, og gegna þeim skyldum öðrum, sem honum kunna að verða lagðar á herðar.

2. Aðalforstjóri eða fulltrúar hans skulu vera á öllum fundum stjórnarnefndar.

#### 9. gr.

1. Aðalforstjóri ræður starfslið alþjóðavinnuáskrifstofunnar samkvæmt reglugerð, er stjórnarnefnd samþykkir.

2. Aðalforstjóri skal, svo sem auðið er, velja starfslið af mismunandi þjóðerni, enda sé þess jafnframt gætt, að starfið á skrifstofunni sé leyst sem best af hendi.

3. Nokkur hluti starfsliðsins skal vera konur.

4. Hvorki má aðalforstjóri né starfslið leita fyrirsmála né taka við þeim frá neinni ríkisstjórn né öðrum yfirvöldum utan stofnunarinnar. Þeir skulu varast hverja þá athöfn, er ekki samrýmist stöðu þeirra sem samþjóðlegra embættismanna, sem einungis eru ábyrgir gagnvart stofnuninni.

ing Body subject to the approval of the Conference.

7. The Governing Body shall, from time to time, elect from its number a Chairman and two Vice-Chairmen, of whom one shall be a person representing a Government, one a person representing the employers, and one a person representing the workers.

8. The Governing Body shall regulate its own procedure and shall fix its own times of meeting. A special meeting shall be held if a written request to that effect is made by at least twelve of the representatives on the Governing Body.

#### Article 8

1. There shall be a Director-General of the International Labour Office, who shall be appointed by the Governing Body, and, subject to the instructions of the Governing Body, shall be responsible for the efficient conduct of the International Labour Office and for such other duties as may be assigned to him.

2. The Director-General or his deputy shall attend all meetings of the Governing Body.

#### Article 9

1. The staff of the International Labour Office shall be appointed by the Director-General under regulations approved by the Governing Body.

2. So far as is possible with due regard to the efficiency of the work of the Office, the Director-General shall select persons of different nationalities.

3. A certain number of these persons shall be women.

4. The responsibilities of the Director-General and the staff shall be exclusively international in character. In the performance of their duties, the Director-General and the staff shall not seek or receive instructions from any Government or from any other authority external to the Organisation. They shall refrain from any action which might reflect on their position as international

57

13. maí

5. Sérhvert aðildarríki stofnunarinnar skuldbindur sig til að hlíta því, að skyldur aðalforstjóra og starfslíðs eru að öllu leyti samþjódlegs eðlis, og að gera eigi tilraunir til að hafa áhrif á þá við framkvæmd skyldustarfa þeirra.

#### 10. gr.

1. Meðal hlutverka alþjóðavinnuáskrifstofunnar er að afla skýrslna og veita fræðslu um öll efni, er varða samþjódlega skipan á atvinnubáttum og verkalýðsmálum, en einkum þó rannsókn málefna, sem ætlazt er til, að lögð verði fyrir allsherjarþing í því skyni að gera um þau alþjóðasamþykktir, svo og framkvæmd þeirra sérstöku rannsókna, sem allsherjarþing eða stjórnarnefnd skipa fyrir um.

2. Skrifstofan skal, háð þeim fyrirmælum, sem stjórnarnefnd kann að gefa:—

- a) semja skýrslur um þau mál, sem tekin eru á dagskrá allsherjarþingsins.
- b) veita ríkisstjórnnum þeim, er þess æskja, alla nauðsynlega aðstoð, sem hún getur í té látið í sambandi við samningu laga og reglugerða, er settar eru á þeim grundvelli, sem allsherjarþingið hefur lagt í samþykktum sínum, svo og að vinna að umbótum á stjórnsýslu og stjórnngæzlu.
- c) inna af hendi skyldustörf, sem á henni hvíla samkvæmt ákvæðum þessarar stofnskrár og miða að virku upphaldi alþjóðasamþykktu, og —
- d) semja og gefa út rit um iðnaðar- og verkalýðsmál, sem alþjóðahagsmuni varða, á þeim málum, sem stjórnarnefnd þykir hlýða.

3. Skrifstofan skal almennt fara með það vald og rækja þær skyldur, sem allsherjarþing eða stjórnarnefnd fela henni.

#### 11. gr.

Stjórnardeildir sérhvers aðildarríkis, sem fást við iðnaðar- og verkalýðsmál,

officials responsible only to the Organisation.

5. Each Member of the Organisation undertakes to respect the exclusively international character of the responsibilities of the Director-General and the staff and not to seek to influence them in the discharge of their responsibilities.

#### Article 10

1. The functions of the International Labour Office shall include the collection and distribution of information on all subjects relating to the international adjustment of conditions of industrial life and labour, and particularly the examination of subjects which it is proposed to bring before the Conference with a view to the conclusion of international Conventions, and the conduct of such special investigations as may be ordered by the Conference or by the Governing Body.

2. Subject to such directions as the Governing Body may give, the Office will—

- (a) prepare the documents on the various items of the agenda for the meetings of the Conference;
- (b) accord to Governments at their request all appropriate assistance within its power in connection with the framing of laws and regulations on the basis of the decisions of the Conference and the improvement of administrative practices and systems of inspection;
- (c) carry out the duties required of it by the provisions of this Constitution in connection with the effective observance of Conventions;
- (d) edit and issue, in such languages as the Governing Body may think desirable, publications dealing with problems of industry and employment of international interest.

3. Generally, it shall have such other powers and duties as may be assigned to it by the Conference or by the Governing Body.

#### Article 11

The Government departments of any of the Members which deal with questions

mega snúa sér beint til aðalforstjórans fyrir milligöngu fulltrúa ríkisstjórnar sinnar í stjórnarnefnd alþjóðavinnuáskrifstofunnar, eða sé enginn slíkur fyrirsvarsmaður til, þá fyrir milligöngu annars hæfs fulltrúa, sem ríkisstjórnin kann að nefna til þess starfa.

### 12. gr.

1. Alþjóðavinnuálastofnunin skal innan þeirra marka, sem stofnskráin setur, hafa samvinnu við sérhverja almenna, samþjóðlega stofnun, sem falið hefir verið það verkefni að samhæfa starfsemi opinberra, samþjóðlegra stofnana, er sérstökum hlutverkum gegna. Svo skal og Alþjóðavinnuálastofnunin hafa samvinnu við opinberar, samþjóðlegar stofnanir, er sinna skyldum málum.

2. Alþjóðavinnuálastofnunin getur gengið fyrir því, að fyrirvarsmenn opinberra, samþjóðlegra stofnana taki án atkvæðisréttar þátt í ráðstefnum hennar.

3. Alþjóðavinnuálastofnunin getur gert gangskör að því að eiga málstefnur, er æskilegar teljast, við viðurkenndar samþjóðlegar stofnanir, sem ekki eru reistar á sáttmálum ríkisstjórna, þar á meðal alþjóðasambönd atvinnurekenda, verkamanna, bænda og samvinnumanna.

### 13. gr.

1. Alþjóðavinnuálastofnunin getur með samkomulagi við Sameinuðu þjóðirnar gert þá skipun um fjármál og fjárhagsáætlanir, er henta þykir.

2. Nú er slíkt samkomulag ekki gert eða er á einhverju tímabili ekki í gildi, og skal þá sú skipan á höfð, er nú skal greina:

a) Sérhvert aðildarríkja greiðir ferðakostnað og dvalarkostnað fulltrúa sinna og ráðunauta þeirra svo og, ef því er að skipta, sams konar kostnað fyrirvarsmanna sinna á fundum allsherjarþings eða stjórnarnefndar.

of industry and employment may communicate directly with the Director-General through the representative of their Government on the Governing Body of the International Labour Office or, failing any such representative, through such other qualified official as the Government may nominate for the purpose.

### Article 12

1. The International Labour Organisation shall co-operate within the terms of this Constitution with any general international organisation entrusted with the co-ordination of the activities of public international organisations having specialised responsibilities and with public international organisations having specialised responsibilities in related fields.

2. The International Labour Organisation may make appropriate arrangements for the representatives of public international organisations to participate without vote in its deliberations.

3. The International Labour Organisation may make suitable arrangements for such consultation as it may think desirable with recognised non-governmental international organisations, including international organisations of employers, workers, agriculturists and co-operators.

### Article 13

1. The International Labour Organisation may make such financial and budgetary arrangements with the United Nations as may appear appropriate.

2. Pending the conclusion of such arrangements or if at any time no such arrangements are in force—

(a) each of the Members will pay the travelling and subsistence expenses of its delegates and their advisers and of its representatives attending the meetings of the Conference or the Governing Body, as the case may be;

57  
13. maí

- b) Aðalforstjóri vinnumálaskrifstofunnar greiðir úr almennum sjóði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar allan annan kostnað af alþjóðavinnumálaskrifstofunni, svo og kostnað af fundum allsherjarþings og stjórnarnefndar.
- c) Allsherjarþingið gerir með  $\frac{2}{3}$  atkvæða þeirra fulltrúa, sem á þingi eru, skipan um tekjur og gjöld Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, niðurjöfnun og innheimtu framlaga, og skal þingið sjá um, að tekju- og gjaldaáætlunin og niðurjöfnun kostnaðar á aðildarríki sé samþykkt af nefnd, er skipuð sé fyrirvarsmönnum ríkisstjórnanna.

3. Kostnað af Alþjóðavinnumálastofnuninni skulu aðildarríki bera í samræmi við þá skipan, sem ákveðin er samkvæmt 1. og 2. tölulið þessarar greinar.

4. Nú lendir aðildarríki stofnunarinnar í vanskilum við hana á fjárframlagi sínu, og skal það þá eigi hafa atkvæðisrétt á allsherjarþingi, í stjórnarnefnd, í nefndum eða við kjör í stjórnarnefnd, enda nemi vanskilaskuldin framlagi viðkomandi ríkis fyrir tvö undanfarin ár eða meira. Þó má allsherjarþingið með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða viðstaddra fulltrúa heimila slíku aðildarríki atkvæðisrétt, ef þinginu þykir sýnt, að vanskilin eigi rót sína að rekja til orsaka, sem aðildarríkið fékk eigi við ráðið.

5. Aðalforstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ber ábyrgð á því gagnvart stjórnarnefnd, að sjóði stofnunarinnar sé réttilega varið.

## II. KAFLI

### Starfshættir.

#### 14. gr.

1. Stjórnarnefnd ákveður dagskrá allra funda allsherjarþingsins og tekur til at-

- (b) all other expenses of the International Labour Office and of the meetings of the Conference or Governing Body shall be paid by the Director-General of the International Labour Office out of the general funds of the International Labour Organisation;
- (c) the arrangements for the approval, allocation and collection of the budget of the International Labour Organisation shall be determined by the Conference by a two-thirds majority of the votes cast by the delegates present, and shall provide for the approval of the budget and of the arrangements for the allocation of expenses among the Members of the Organisation by a committee of Government representatives.

3. The expenses of the International Labour Organisation shall be borne by the Members in accordance with the arrangements in force in virtue of paragraph 1 or paragraph 2 (c) of this Article.

4. A Member of the Organisation which is in arrears in the payment of its financial contribution to the organisation shall have no vote in the Conference, in the Governing Body, in any committee, or in the elections of members of the Governing Body, if the amount of its arrears equals or exceeds the amount of the contributions due from it for the preceding two full years: Provided that the Conference may by a two-thirds majority of the votes cast by the delegates present permit such a Member to vote if it is satisfied that the failure to pay is due to conditions beyond the control of the Member.

5. The Director-General of the International Labour Office shall be responsible to the Governing Body for the proper expenditure of the funds of the International Labour Organisation.

## Chapter II — Procedure

### Article 14

1. The agenda for all meetings of the Conference will be settled by the Govern-

hugunar allar tillögur um dagskrármál, sem kunna að vera borin fram af einhverju aðildarríkja eða einhverjum fyrirsvarssamtökum, sem viðurkennd eru samkvæmt 3. gr., eða opinberum alþjóða-samtökum.

2. Stjórnarnefnd skal setja reglur, er tryggja það, að mál hljóti rækilegan undirbúning af hendi sérkunnáttumanna og séu nægjanlega rædd á undirbúningsfundum eða á annan hátt af hálfu þeirra aðildarríkja, sem mestra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við þau, áður en gerðar eru samþykktir eða ályktanir um þau á allsherjarþingi.

#### 15. gr.

1. Aðalforstjórinn skal vera aðalritari allsherjarþingsins og senda dagskrá aðildarríkjum og um hendur þeirra fulltrúum atvinnurekenda og verkamanna, er þeir hafa verið nefndir, svo tímanlega, að hún komi þeim í hendur fjórum mánuðum fyrir setningu allsherjarþingsins.

2. Skýrslur um hvert einstakt atriði dagskrárinnar skal senda aðildarríkjum svo tímanlega, að þau geti tekið þær til rækilegrar athugunar, áður en þingið kemur saman. Stjórnarnefnd skal setja reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

#### 16. gr.

1. Ríkisstjórn sérhvers aðildarríkis hefur heimild til að mótmæla því formlega, að mál, eitt eða fleiri, sé tekið á dagskrá. Rök fyrir slíkum mótmælum skulu tilgreind í skýrslu, sem stíluð sé til aðalforstjóra, og skal hann senda hana öllum aðildarríkjum stofnunarinnar.

2. Dagskrármál, sem mótmælt hefur verið á þennan hátt, skal þó eigi taka af dagskrá, ef samþykkt er á þinginu með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða viðstaddra fulltrúa að taka þau til meðferðar.

3. Ef þingið samþykkir (á annan hátt en getur í fyrra tölulíð) með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða viðstaddra fulltrúa, að taka skuli

ing Body, which shall consider any suggestion as to the agenda that may be made by the Government of any of the Members or by any representative organisation recognised for the purpose of Article 3, or by any public international organisation.

2. The Governing Body shall make rules to ensure thorough technical preparation and adequate consultation of the Members primarily concerned, by means of a preparatory Conference or otherwise, prior to the adoption of a Convention or Recommendation by the Conference.

#### Article 15

1. The Director-General shall act as the Secretary-General of the Conference, and shall transmit the agenda so as to reach the Members four months before the meeting of the Conference, and, through them, the non-Government delegates when appointed.

2. The reports on each item of the agenda shall be despatched so as to reach the Members in time to permit adequate consideration before the meeting of the Conference. The Governing Body shall make rules for the application of this provision.

#### Article 16

1. Any of the Governments of the Members may formally object to the inclusion of any item or items in the agenda. The grounds for such objection shall be set forth in a statement addressed to the Director-General who shall circulate it to all the Members of the Organisation.

2. Items to which such objection has been made shall not, however, be excluded from the agenda, if at the Conference a majority of two thirds of the votes cast by the delegates present is in favour of considering them.

3. If the Conference decides (otherwise than under the preceding paragraph) by two thirds of the votes cast by the dele-



- 57** eitt hvert mál til umræðu á þinginu, þá  
 13. maí skal það málefni tekið á dagskrá á næsta þingi.

#### 17. gr.

1. Allsherjarþingið kýs sér forseta og þrjá varaforseta. Einn varaforseta skal vera stjórnarfulltrúi, annar fulltrúi atvinnurekenda og þriðji fulltrúi verkamanna. Allsherjarþingið setur sér þingsköp og getur skipað nefndir til að athuga og gefa skýrslur um hvaða mál, sem til meðferðar er.

2. Öllum málum skal ráðið til lykta með einföldum meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa, sem viðstaddir eru, nema öðruvísi sé kveðið á í stofnskrá þessari, í einhverri milliríkjasamþykkt eða öðru skjali, er fær þinginu tiltekið vald í hendur, eða í skipan, sem gerð er um fjármál og fjárhagsáætlanir samkvæmt 13. gr.

3. Atkvæðagreiðsla er markleysa, nema helmingur fulltrúa þeirra, sem þingið sækja, greiði atkvæði.

#### 18. gr.

Allsherjarþingið getur kvatt sérkunnáttumenn til setu í heim nefndum, sem það skipar, en ekki hafa þeir þar atkvæðisrétt.

#### 19. gr.

1. Ef allsherjarþing hefur samþykkt tillögu varðandi dagskrármál, er það á valdi þess að ákveða, hvort hún skuli afgreidd:

- a) sem alþjóðasamþykkt — eða —
- b) sem ályktun, þar sem málefni það, sem til meðferðar er, telst ekki, eins og á stendur, hæft eða lagað til að gera um það alþjóðasamþykkt.

2. Alþjóðasamþykkt eða ályktun öðlast gildi við lokaatkvæðagreiðslu á allsherjarþingi, er  $\frac{2}{3}$  viðstaddra fulltrúa gjalda þeim jákvæði sitt.

gates present that any subject shall be considered by the Conference, that subject shall be included in the agenda for the following meeting.

#### Article 17

1. The Conference shall elect a President and three Vice-Presidents. One of the Vice-Presidents shall be a Government delegate, one an employers' delegate and one a workers' delegate. The Conference shall regulate its own procedure and may appoint committees to consider and report on any matter.

2. Except as otherwise expressly provided in this Constitution or by the terms of any Convention or other instrument conferring powers on the Conference or of the financial and budgetary arrangements adopted in virtue of Article 13, all matters shall be decided by a simple majority of the votes cast by the delegates present.

3. The voting is void unless the total number of votes cast is equal to half the number of the delegates attending the Conference.

#### Article 18

The Conference may add to any committees which it appoints technical experts without power to vote.

#### Article 19

1. When the Conference has decided on the adoption of proposals with regard to an item in the agenda, it will rest with the Conference to determine whether these proposals should take the form: (a) of an international Convention, or (b) of a Recommendation to meet circumstances where the subject, or aspect of it, dealt with is not considered suitable or appropriate at that time for a Convention.

2. In either case a majority of two thirds of the votes cast by the delegates present shall be necessary on the final vote for the adoption of the Convention

3. Þegar allsherjarþing gerir alþjóðasamþykkt eða ályktun, er hafa skal almennt gildi, þer að taka hæfilegt tillit til þeirra landa, þar sem iðnhættir eru til muna sérstæðir vegna loftslags, ófullkominnar skipunar á samtökum atvinnurekenda og verkalýðs eða vegna annarra sérstakra ástæðna, og skal þingið þá stinga upp á þeim breytingum, er það kann að telja nauðsynlegar, að því er þau lönd varðar.

4. Forseti allsherjarþingsins og aðalforstjórinn skulu með undirskrift sinni staðfesta tvö eintök af alþjóðasamþykktum og ályktunum. Annað þeirra skal varðveitt í skjalasafni alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar, en hitt fengið aðalritara Sameinuðu þjóðanna í hendur til varðveislu. Aðalforstjóri skal senda hverju aðildarríki staðfest eftirrit alþjóðasamþykktu og ályktana.

5. Þegar alþjóðasamþykkt er gerð, skal svo með farið sem nú verður sagt:

a) samþykkt skal senda öllum aðildarríkjum til fullgildingar.

b) sérhvert aðildarríki tekst á hendur innan eins árs í mesta lagi frá lokum síðasta allsherjarþings, eða sé það vegna sérstakra ástæðna ekki unnt, þá svo fljótt sem kostur er og aldrei síðar en 18 mánuðum frá þinglokum, að leggja samþykkt fyrir þann eða þá handhafa opinbers valds, sem málið þer undir, til þess að lög geti orðið sett henni til framkvæmdar eða aðrar ráðstafanir gerðar.

c) aðildarríki tilkynna aðalforstjóra alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar, hverjar ráðstafanir þau hafa gert samkvæmt þessari grein til að leggja samþykktir fyrir þann handhafa opinbers valds, sem í hlut á, ásamt skýrslum um, hvaða stjórnvald er ákvæðisbært um málið og hvað það hafi gert í málinu.

or Recommendation, as the case may be, by the Conference. 57

13. mai

3. In framing any Convention or Recommendation of general application the Conference shall have due regard to those countries in which climatic conditions, the imperfect development of industrial organisation, or other special circumstances make the industrial conditions substantially different and shall suggest the modifications, if any, which it considers may be required to meet the case of such countries.

4. Two copies of the Convention or Recommendation shall be authenticated by the signatures of the President of the Conference and of the Director-General. Of these copies one shall be deposited in the archives of the International Labour Office and the other with the Secretary-General of the United Nations. The Director-General will communicate a certified copy of the Convention or Recommendation to each of the Members.

5. In the case of a Convention—

(a) the Convention will be communicated to all Members for ratification;

(b) each of the Members undertakes that it will, within the period of one year at most from the closing of the session of the Conference, or if it is impossible owing to exceptional circumstances to do so within the period of one year, then at the earliest practicable moment and in no case later than eighteen months from the closing of the session of the Conference, bring the Convention before the authority or authorities within whose competence the matter lies, for the enactment of legislation or other action;

(c) Members shall inform the Director-General of the International Labour Office of the measures taken in accordance with this Article to bring the Convention before the said competent authority or authorities, with particulars of the authority or authorities regarded as competent, and of the action taken by them;

- 57 13. maí d) ef aðildarríki hefur aflað samþykkis handhafa þess opinbers valds, sem málið ber undir, skal það senda aðalforstjóra formlega fullgildinguna sína á samþykktinni og gera þær ráðstafanir aðrar, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar á ákvæðum samþykktarinnar.
- e) ef aðildarríki fær ekki samþykki ákvæðisbærs handhafa opinbers valds, hvílir ekki frekari skylda á því, þó svo, að það skal gefa aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skýrslur með hæfilegu millibili, svo sem stjórnarnefnd krefst, um löggjöf og stjórnarframkvæmd að því er varðar atriði, sem samþykktin tekur yfir, og sé í skýrslum frá því skýrt, í hve ríki mæli ákvæði samþykktarinnar eru framkvæmd eða er ætlað, að verði framkvæmd með löggjöf, stjórnarsýslu, samningum stéttarfélaganna eða á annan hátt, enda sé einnig skýrt frá þeim örðugleikum, sem hindra eða torvela fullgildinguna samþykktarinnar.
6. Þegar ályktun er gerð, skal svo með farið sem nú verður sagt:
- a) ályktun skal send öllum aðildarríkjunum til athugunar, í því skyni að lög verði sett henni til framkvæmdar eða aðrar ráðstafanir gerðar.
- b) sérhvert aðildarríki tekst á hendur innan eins árs í mesta lagi frá lokum síðasta allsherjarþings, eða sé það vegna sérstakra ástæðna ekki unnt, þá svo fljótt sem kostur er og aldrei síðar en 18 mánuðum frá þinglokum, að leggja ályktun fyrir þann eða þá handhafa opinbers valds, sem málið ber undir, til þess að lög geti orðið sett henni til framkvæmdar eða aðrar ráðstafanir gerðar.
- (d) if the Member obtains the consent of the authority or authorities within whose competence the matter lies, it will communicate the formal ratification of the Convention to the Director-General and will take such action as may be necessary to make effective the provisions of such Convention;
- (e) if the Member does not obtain the consent of the authority or authorities within whose competence the matter lies, no further obligation shall rest upon the Member except that it shall report to the Director-General of the International Labour Office, at appropriate intervals as requested by the Governing Body, the position of its law and practice in regard to the matters dealt with in the Convention, showing the extent to which effect has been given, or is proposed to be given, to any of the provisions of the Convention by legislation, administrative action, collective agreement or otherwise and stating the difficulties which prevent or delay the ratification of such Convention.
6. In the case of a Recommendation—
- (a) the Recommendation will be communicated to all Members for their consideration with a view to effect being given to it by national legislation or otherwise;
- (b) each of the Members undertakes that it will, within a period of one year at most from the closing of the session of the Conference, or if it is impossible owing to exceptional circumstances to do so within the period of one year, then at the earliest practicable moment and in no case later than eighteen months after the closing of the Conference, bring the Recommendation before the authority or authorities within whose competence the matter lies for the enactment of legislation or other action;

- c) aðildarríki tilkynna aðalforstjóra alþjóðavinnuáskrifstofunnar, hvaða ráðstafanir þau hafa gert samkvæmt þessari grein til að leggja ályktanir fyrir þann eða þá handhafa opinbers valds, er í hlut eiga, ásamt skýrslum um, hvaða stjórnvald er ákvæðisbært um málið og hvað það hafi gert í málinu.
- d) Það hvílir ekki á aðildarríki frekari skylda en að leggja ályktunina fyrir hina ákvæðisbæru handhafa opinbers valds, þó svo, að það skal gefa aðalforstjóra alþjóðavinnuáskrifstofunnar skýrslur með hæfilegu milli-bili, svo sem stjórnarnefnd krefst, um löggjöf og stjórnarframkvæmd í landinu, að því er varðar málefni, sem ályktun tekur yfir, og sé í skýrslunni frá því skýrt, í hve ríkum mæli ákvæði ályktunarinnar eru framkvæmd eða er ætlað að verða framkvæmd og greindar þær breytingar á ákvæðum ályktunar, sem hafa þótt eða kunna að þykja nauðsynlegar, áður en ákvæði hennar eru samþykkt eða þeim beitt.
7. Ákvæði þau, sem nú verða greind, taka til sambandsríkja:
- a) skyldur sambandsríkja skulu vera þær sömu og annarra aðildarríkja, sem ekki eru sambandsríki, að því er varðar alþjóðasamþykktir og ályktanir, sem stjórn alríkisins telur, að hallkvæmar séu og samþýddar verði stjórnlögunum alríkisins.
